

Náttúrufræði Grunnavíkur-Jóns

Nýlega kom út ritið **Náttúrufræði. Steinafræði – Fiskafræði** eftir Jón Ólafsson frá Grunnavík. Jón samdi verkið um 1737 og hefur það ekki birst almenningi fyrr. Að þessari útgáfu er góður fengur í menningar- og náttúrusögulegu ljósi.

Jón var ritari Árna Magnússonar handritasafnara og síðar styrkþegi Árnasjóðs í Kaupmannahöfn. Jón var fjölfræðingur og lét sér fátt óviðkomandi. Eftir hann liggja óprentuð rit og ritgerðir um margvíslegt efni og þar á meðal ritgerðimar tvær, Fiskafræði og Steinafræði, sem Jón samdi um 1737 og birtast nú í fyrsta sinn. Ætlun Jóns var að skrifa heildarverk um íslenska náttúru og stefndi hann m.a. að ritgerðum um fugla og jurtir sem báðar munu nú glataðar.

Góðvinir Grunnavíkur-Jóns standa að útgáfunni og er Náttúrufræðin fjórða ritið sem félagið hefur gefið út. Að útgáfunni unnu Þóra Björk Hjartardóttir og Guðrún Kvaran. Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur ritar inngang að Fiskafræðinni og skýringar við sama rit og Sigurður Steinþórsson jarðfræðingur skrifar um Steinafræðina.

Bókin er til sölu í Bóksölu stúdenta við Hringbraut og hjá Sögufélaginu í Fischersundi.

Næstu fræðsluerindi

Dagsenting og staður: **26. Nóvember 2007**. Stofa 158, í VRII húsi Háskóla Íslands. Flytjandi: Ólafur Ingólfsson, prófessor í jarðfræði við Háskóla Íslands. Titill: **Jöklafræðingur í Kalahari eyðimörkinni, Suður-Afríku; jarðsaga, fornjöklun, demantar og ljón.**

Dagsetning og staður: **28. Janúar 2008**. Stofa 132, Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Flytjandi: Dr. Hafdís Hanna Ægisdóttir, plöntuvistfræðingur á Líffræðistofnun Háskólans. Titill: **Galapagoseyjar – paradís í hættu?**

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, 200 Kópavogur
Sími: 570 0430 - Netfang: hin@hin.is - Heimasíða: www.hin.is
Ábm. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist



Félagsbréf

3. tölublað

Október 2007


32. árgangur

Sinubruni á Mýrum

Fræðsluerindi mánudaginn 29. október

Næsta færðsluerindi HÍN verður haldið **mánudaginn 29. október** kl. 17:15. Þá mun Járngerður Grétarsdóttir, líffræðingur við Landbúnaðarháskóla Íslands, flytja erindi sem hún nefnir **Skammtímaáhrif sinubruna á Mýrum 2006 á gróður.**

Athygli er vakin á því að erindið verður haldið í **stofu 158, í VRII húsi Háskólans**, en ekki í Öskju eins og verið hefur. Breytingin stafar af vandræðum vegna nemendafjölda og skorts á kennslurými. Vonir standa til að úr þessu rætist strax í janúar og að þá verði fræðsluerindin aftur haldin í Öskju.



Sáðmenn sandanna

Í tilefni af 100 ára afmælis skipulagðrar landsgræðslu á Íslandi mun bókin **Sáðmenn sandanna; Saga landgræðslu á Íslandi 1907–2007** eftir Friðrik G. Olgeirsson koma út í lok ársins.

Í júlí 1907 hófst landgræðsla á vegum ríkisins. Þá hafði gróðri hnignað mikið frá landnámi vegna náttúruhamfara, veðurfars og slæmrar umgengni þjóðarinnar um landið. Margar sveitir höfðu orðið illþrymlega fyrir barðinu á uppblæstri og sandroki og viðbúið var að skaðinn yrði víða óbætanlegur ef ekkert yrði að gert. Í bókinni er saga landgræðslu og gróðurverndar sögð í máli og myndum.

Félagar Hins íslenska náttúrufræðifélags er boðið að skrá nöfn sín í *Tabula gratula* með góðum óskum til Landgræðslu ríkisins á afmælisárinu og fá þá bókina á tilboðsverði (6.990 krónur í stað 7.990). Áhugasamir skrái sig á netfangið skrudda@skrudda.is fyrir 4. nóvember 2007.

Fjölmennt umhverfisping

Dagana 12. og 13. október sl. var haldið fjölmennt Umhverfisping á vegum umhverfisráðuneytisins. Meginviðfangsefnin voru náttúruverndaráætlun fyrir tímabilið 2009-2013 og stefnumörkun stjórnvalda um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Fulltrúar frá HÍN tóku þátt í þinginu og útbúið var stórt veggspjald þar sem starfsemi félagsins er kynnt.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni hefur í för með sér viðamiklar alþjóðlegar skuldbindingar fyrir Ísland sem lúta að verndun og sjálfbærri nýtingu lífríkisins auk ákvæða um sanngjarna skiptingu hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðauðlinda. Þá er í samningnum kveðið skýrt á um að hvert aðildarríki hafi óskoraðan rétt yfir vernd og nýtingu eigin lífríkis. Samningurinn er rammasamningur um meginatriði sem útfærð eru af þjóðþingum aðildarríkja.

Landsmönnum gefst tækifæri fram til **15. desember 2007** að kynna sér framangreind drög og gera við þau athugasemdir. Hægt er að nálgast drögin á slóðinni <http://www.umhverfisraduneyti.is/umhverfisthing>

Lifandi steingervingar

Fyrsta fræðsluerindi HÍN á vetrarönninni var haldið mánudaginn 24. september sl. Þá reið Bjarni Kristófer Kristjánsson á vaðið með erindi sem hann nefndi **Íslenskar grunnvatnsmarflær: Lifandi steingervingar**.

Fjallaði Bjarni um fund sinn og rannsóknir á tveimur tegundum grunnvatnsmarflóa. Óhætt er að fullyrða að um er að ræða eina merkustu uppgötvun í sögu dýrafræði landsins um nokkurt skeið.

Báðar eru tegundirnar einlendar fyrir Ísland og er önnur þeirra af nýrri ætt marflóa. Líklega hafa marflærnar lifað af kuldaskieð ísaldar í grunnvatni undir jökulísnum.

Grunnvatnsmarflær eiga erfitt með að ferðast á milli grunnvatnssvæða, t.d. með mönnum eða fuglum, og þær hafa ekki sviflirfur. Því er líklegt að þær hafi borist hingað til lands þegar grunnvatn á Íslandi var í tengslum við grunnvatn á meginlöndunum. Ísland og forveri þess fylgdu reki heita reitsins undir landinu. Heiti reiturinn var undir austurströnd Grænlands fyrir um 40 milljónum ára og hefur síðan þá myndað Íslands-Grænlands-Færeyjahrygginn. Því er ekki loku fyrir það skotið að hér séu á ferð mjög gamlar tegundir lífvera, sannkallaðir lifandi steingervingar.

Bjarni Kristófer er dósent við fiskeldis- og fiskalíffræðideild Hólaskóla, Háskólans á Hólum, og doktorsnemi við Háskólann í Guelph, Ontario í Kanada.

Nánar má lesa um marflærnar á slóðinni:
<http://www.holar.is/starfs/bjakk/bjakkkrannb.htm#flo>.

Netföng félagsmanna

Félagsmenn sem ekki hafa sent félaginu netföng sín eru eindregið hvattir til að gera það hið fyrsta. Netfangið er hrefnab@natkop.is. Netföngin eru aðeins notuð til að senda þeim tilkynningar um fræðsluerindi, fræðsluferðir og fleira sem tengist félaginu með beinum hætti. Netföngin verða ekki afhent þriðja aðila.